



ZERO 9
NOTENDAHANDBÓK



Tæknilegar upplýsingar	1
Að hefjast handa	2
Samsetning	3-4
Öryggisatriði	5
Umhirða og viðhald	6
Leiðbeiningar fyrir rafhlöðu	7
Ábyrgðarupplýsingar.....	8 - 9

Tegund	ZERO 9
Rafhlaða	52V 13Ah
Dekk	8,5 tommu loftdekk að framan og aftan
Bremsur	Diskabremsur að framan og skálabremsur að aftan
*Drægni	40 km
Hámarkshraði	25 km/h
Þyngd	18 kg
Dempun	Gormafjöðrun að framan og tvöföld gormafjöðrun að aftan
Lýsing	Fram- og afturljós
Stjórnborð	25A stjórnborð
Mótor	600W gírlaus mótor
Hámarksþyngd	120 kg


*Drægni getur verið mismunandi eftir þyngd og notkun notandans, veðurfari, undirlagi og loftþrýstingi dekkja.

Grunnupplýsingar


Ræsihnappur	Haldið ræsihnappnum inni í 3 sekúndur til að kveikja á rafhlaupahjólinu. Hjólið slekkur sjálfkrafa á sér sé það ekki notað í 90 sekúndur.
Hraðastillir	Þegar kveikt er á hjólinu og það er í kyrrstöðu, ýtið á stillihnappinn (M) til að velja um þrjár mismunandi stillingar, 1 til 3, þar sem 1 fer hægst og 3 hraðast. Notið inngjöfina til að stýra hraðanum í hverri stillingu fyrir sig.
Ljós að framan og aftan	Þegar kveikt er á hjólinu, ýtið á og haldið niðri ræsihnappnum í um það bil 3 sekúndur til að kveikja á ljósunum.
Akstursstaða og aðrar upplýsingar	Á meðan hjólið er í kyrrstöðu og kveikt er á því, ýtið á ræsihnappinn til að vafra á milli ODO (heildarakstur), TRIP (akstur ferðar), VOLTAGE (staða volta), ELECTRIC CURRENT (núverandi staða rafhlöðu) og ERROR CODE (villuboð). Til að endurstilla TRIP, haldið niðri stillihnappi (M) í 3 sekúndur á meðan TRIP er valið á skjánum.
Loftþrýstingur dekkja	Mjög mikilvægt er að fylgjast með loftþrýstingi dekkja. Rangur loftþrýstingur getur valdið því að dekk springi. Ávallt skal athuga loftþrýsting fyrir notkun og reglulega eftir það. Réttan loftþrýsting má sjá á dekkjum hlaupahjólins.



Hjólið sett saman





Hjólið lagt saman



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

1. Ávallt skal nota öryggisvottaðan hlífðarbúnað við akstur rafhlaupahjóla. Hjálmur, hanskar, olnboga- og hnjáhlífar.
2. Ekki er mælt með notkun rafhlaupahjóla í rigningu, snjó eða hálku. Þá er ekki ráðlagt að nota það á ósléttu, grófu eða ójöfnu yfirborði.
3. Hægja skal á hjólinu þegar farið er niður brekkur, upp á kanta eða við akstur á ójöfnu yfirborði.
4. Ávallt skal yfirfara rafhlaupahjólíð fyrir notkun, athuga loftþrýsting í dekkjum og hvort bremsur virki sem skyldi, til að gæta fyllsta öryggis.
5. Ekki skal aka rafhlaupahjólinu undir áhrifum áfengis eða vímuefna.
6. Það er á ábyrgð notanda að þekkja og fylgja reglum um notkun hjólsins.



Þrif og geymsla

Passa þarf að slökkt sé á hjólinu og hleðslutækið aftengt áður en hjólið er þrifið. Lokaðu hleðsluraufinni til að draga úr líkum á að vatn fari í hana og valdi skemmdum.

Fjarlægðu óhreinindi eða ryk með rökum klút. Hægt er að minnka rispur á plastflötum með sandpappír.

Ekki nota alkóhól, bensín, steinolíu eða önnur ætandi efni til að hreinsa hjólið. Sprautaðu aldrei vatni beint á hjólið með slöngu.

Geymið hjólið innandyr á þurrum stað. Geymsla við mjög hátt eða lágt hitastig, í beinu sólarljósi eða utandyra getur skemmt hjólið og eyðilagt rafhlöðuna.

Viðhald og umhirða rafhlöðu

1. Notið eingöngu hleðslutækið sem ætlað er þínu hlaupahjóli.
2. Notið ekki rafhlöðu frá öðrum framleiðendum. Opnið ekki né takið í sundur rafhlöðu vegna slysaþættu.
3. Ekki láta rafhlöðuna komast í snertingu við málmluti.
4. Til að lengja líftíma rafhlöðunnar skal hún vera hlaðin upp að 80% fyrir geymslu.
5. Hjólið og rafhlöðuna skal ekki geyma við mjög hátt eða lágt hitastig, í beinu sólarljósi eða utandyra. Mikill hiti eða kuldi getur skemmt eða eyðilagt rafhlöðuna.
6. Röng förgun notaðra rafhlaðna getur valdið alvarlegri mengun á umhverfinu. Vinsamlegast fargið rafhlöðu í samræmi við gildandi lög.
7. Fyrir langtímageymslu er mælt til þess að rafhlaðan sé hlaðin upp að 80%. Ónotað hjól ætti að vera fullhlaðið einu sinni á 60 daga fresti, annars gæti rafhlaðan skemmst eða bilað. Slík rafgeymisbilun fellur ekki undir ábyrgð.

Fyrsta hleðsla

Í fyrstu skipti sem hjólið er hlaðið er mikilvægt að fullhlaða rafhlöðuna fyrir notkun.

Nánar um rafhlöðu

Eiginleikar rafhlöðunnar:

1. Rafhlaðan heldur jafnri spennu á meðan á hleðslu stendur, til að auka líftíma hennar.
2. Rafhlaðan hættir sjálfkrafa að hlaða þegar hún er fullhlaðin til að koma í veg fyrir ofhleðslu.
3. Rafhlaðan hættir sjálfkrafa að hlaðast ef spenna er hærri en tilgreind spenna til að vernda rafhlöðuna.
4. Rafhlaðan hættir sjálfkrafa að hlaðast þegar spenna hennar fer niður fyrir 44V til að vernda rafhlöðuna.
5. Rafhlaðan stöðvar hleðsluna sjálfkrafa ef um er að ræða skammhlaup.
6. Rafhlaðan fer sjálfkrafa í svefnham ef hjólið er ekki í notkun í 20 mínútur til að spara orku.

Hleðsla rafhlöðu

1. Gættu þess að slökkt sé á hjólinu áður en hleðslutæki er stungið í samband.
2. Mælt er með að hlaða rafhlöðuna upp að 80%, að lágmarki, þegar hún er hlaðin til að lengja líftíma hennar. Gott er að tengja fyrst hjólið við hleðstlutækið áður en stungið er í samband við vegginn.
3. Ekki má hlaða í hitastigi undir 5°C eða yfir 40°C.

Ábyrgðarskilmálar

S4S ehf, kt. 600509-0710, er umboðsaðili fyrir POWER ZERO á Íslandi.

Með því að nota þessa vöru samþykkir þú þessa ábyrgðarskilmála. Vinsamlegast lesið ábyrgðarskilmálana vandlega, ásamt köflum um „umhirðu og viðhald“ og „leiðbeiningum um rafhlöðu“.

Ábyrgð vegna galla er í samræmi við neytendalög (lög nr. 48/200).

*Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan **tveggja ára** frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar.*

S4S ábyrgist að vörur frá Zero séu lausar við galla á efni og við vinnu, í samræmi við eftirfarandi skilmála og skilyrði:

Tilkynna skal um galla vöru eins fljótt og auðið er, eftir að galli kemur fram. Ef hjólið reynist ekki gallað eftir nánari athugun eða ekki er um að ræða ábyrgðarviðgerð greiðir kaupandi skoðunargjald í samræmi við verðskrá verkstæðis.

Ef til úrlausnar ábyrgðar kemur mun S4S ehf bjóða eftir atvikum viðskiptavinum upp á viðgerð, nýja vöru, afslátt eða afturköllun kaupa.

Í öllum tilvikum er fyrst kannaður möguleiki á viðgerð.

Ábyrgðin nær til upphaflegs kaupanda vörunnar og hvern þann sem kaupir hana þar á eftir, innan ábyrgðartíma. **Skilyrði er fyrir afriti af ábyrgðarskírteini eða kaupnótu.**

Ábyrgðartakmörkun

Ábyrgð framleiðanda/söluaðila nær ekki til:

- slits vegna eðlilegrar notkunar
- slits á hjólbörðum, rafhlöðu og snertiflötum vegna eðlilegrar notkunar
- bilunar vegna rangrar eða illrar meðferðar á tæki
- bilunar þegar búið er að opna tækið eða eiga við það án þess að verkstæði S4S hafi haft umsjón yfir verkinu eða samþykkt það
- bilunar eða skemmda vegna óviðeigandi geymslu (sjá kafla um umhirðu og viðhald)

Eðlilegt getur verið að þurfi að endurnýja rafhlöður, dekk, bremsur og aðra slitfleti fyrir lok vélbúnaðarábyrgðar, allt eftir notkun og umhirðu.

EU STATEMENT OF CONFORMITY

We undersign, **NINGBO LEGAS PHOTOELECTIC TECHNOLOGY CO., Ltd**, No. 885 ChunHua Road, Wangchun Industrial Park, Haishu District, Ningbo, Zhejiang, China, supplier and manufacturer of the brands **Power ZERO** products, having as importer and authorized representative for Europe area :

INFINITY, a SAS with capital of 5,000 euros, whose registered office is located at 10 rue des Marchands, 68000 Colmar, France, immatriculated at Colmar Trade and Companies Register under number 844 636 456,

Certify, concerning the vehicles:

- Genre: **Electric Scooter**
- Brands: **POWER ZERO**
- Models: **ZERO 8, ZERO 9, ZERO 10, ZERO 8X, ZERO 10X, ZERO 11X**
- Energy source: **electric**

That a sufficient number of product samples have been tested and approved to comply with the standards **55014-1:2017, EN 55014-2:2015, EN 61000-3-3:2013, EN 60335-1:2012+A11:2014, EN 62233:2008, EN ISO 12100:2010, EN 60204-1:2006+AC:2010,**

According to test report No.:

- **BCTC1912001202E** as indicating in the certificate No. **BCTC1912001202C** from December 17, 2019
- **BCTC1912001203E** as indicating in the certificate No **BCTC1912001203C** from December 17, 2019
- **BCTC1912001262S** as indicating in the certificate No. **BCTC1912001262C** from December 16, 2019
- **BCTC1912001376S** as indicating in the certificate No. **BCTC1912001376C** from December 16, 2019

Those verifications of EUT conformity was granted to us on the basis of the results of the tests carried out by the laboratory of Shenzhen BCTC Testing Co.,Ltd. on the samples of the above-mentioned products, in compliance with the provisions of the relevant specific standards of Directives EMC 2014/30/EU, LVD 2014/35/EU (with amendments for the last) and MD 2006/42/EC. The CE marking as indicated on scooters and packaging boxes may be used under the responsibility of the manufacturer, after completing an EC declaration of conformity and complying with all relevant European directives as those discribed above.

This declaration of conformity is drawn up under the sole responsibility of the manufacturer.

The purpose of the declaration described above is in accordance with the applicable Union harmonisation legislation.

At Ningbo, December 25, 2019


[Name of the signator]
[function of the signator] NINGBO LEGAS PHOTOELECTRIC TECHNOLOGY CO., Ltd.





ZEROTM

S4S

Umboðsaðili fyrir POWER ZERO á Íslandi
Guðríðarstígur 6-8, 113 Reykjavík
544-2160 kt. 600509-0710
www.s4s.is

Desember 2019